

Akureyrarbær
b/t Margrét Mazmanian Róbertsdóttir
Geislagötu 9
600 Akureyri

Reykjavík, 21. október 2019
UST201910-130/A.B.
10.04.02

Efni: Breyting á aðalskipulagi Akureyrar 2018 – 2030- Hólasandslína 3 – lega við Akureyrarflugvöll og Kjarnaskóg

Vísað er til erindis sviðsstjóra skipulagssviðs Akureyrarbæjar er barst 11. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breyting á aðalskipulagi Akureyrar 2018 – 2030 vegna breyttrar legu Hólasandslínu 3 við Akureyrarflugvöll og Kjarnaskóg

Í greinargerð kemur fram að breytingin felur í sér að Hólasandslína 3 færist til norðurs um 300-400 metra kafla við suðurenda flugbrautar Akureyrarvallar og þverun vestustu kvíslar Eyjafjarðarár færist lítillega til norðurs. Auk þess kemur fram að lega strengsins færist til norðurs á um 500-600 metra kafla norðan Kjarnaskógar.

Framkvæmdin

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem jarðstrengurinn liggur um er viðkvæmt á margan hátt, þar sem er að finna vistgerðir með hátt verndargildi, mikilvæg fuglasvæði, svæði á náttúruinjasrá og mikilvægt útivistarsvæði. Því er það mat Umhverfisstofnunar að mikilvægt séu valdir þeir kostir sem valda sem minnstu raski, valda minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum, vandað sé til verka og að frágangur allra framkvæmda sé til fyrirmyndar.

Bakkagróður

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin geti haft neikvæð umhverfisáhrif á árbökkum árinna og þar með sem farið er yfir votlendi. Umhverfisstofnun bendir þá á mikilvæg þess að framkvæmdum verði hagað þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og

næsta umhverfi árinna og gengið verði frá árbökkunum eins og þeir voru fyrir lögn strengsins.

Vistgerðir

Í 2. gr. laga nr.60/2013 um náttúrvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin gulstararflóavist sem eru með mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Auk þess eru tún á framkvæmdarsvæðinu.

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin geti haft neikvæð áhrif á yfirborð vegna lagningar jarðstrengs og eftir beltisfór vinnuvéla. Umhverfisstofnun telur að til að forðast talsverð umhverfisáhrif á strengsleiðinni, sé mikilvægt að gróðurrask verði sem allra minnst, staðargróður verður endurheimtur eftir að framkvæmdum líkur, unnið verði eftir vöktunaráætlun varðandi endurheimt á staðargróðri sem mótvægisáðgerð.

Fuglalíf


Á heimasíðu NÍ kemu fram að við óshólma Eyjafjarðarar eru fjölbreytt fuglabúsvæði, þar sem mikið af grágæsum, öndum og vaðfuglum sem nýtir svæðið á fartíma og verpir þar einnig. Eina tegundin sem stundum nær alþjóðlegum verndarviðmiðum er jaðrakan um fartíma að vori (1.000 fuglar). Svæðið er á náttúruinjasrá og á IBA-skrá (Important Bird Areas) sem alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að tryggja sé m.t.t. til fuglalífs að framkvæmdin verði utan varptíma.

Virðingarfyllt



Axel Benediktsson
sérfræðingur



Björn Stefánsson
sérfræðingur